# Leikskólinn Árborg

# 2023 – 2024




## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit


**Leiðarljós leikskólans:** ... 4

**1 Greinargerð leikskólastjóra** ... 5

**1.1 Námsferð leikskólans í Árborg til Finnlands vorið 2023.** ... 6

**2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.** ... 9

**2.1 Innra mat** ... 9

**2.2 Ytra mat** ... 10

**Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024** ... 11

**2.3 Lubbi finnur málbein.** ... 14

**2.3.3 Lubbi fer í heimsókn. Nýtt Lubbaverkefni - tengjum frekar heimili og skóla.** 15

**2.3.4 Lubbahljóð vikunnar - fyrir allan aldur, allar deildir. Ný nálgun sem ýtir enn frekar undir samvinnu á milli deilda.** ... 17

**2.4 Tákn með tali (TMT)** ... 20

**2.5 Eitt af okkar markmiðum er að setja af stað markvissa vinnu með námsefni er heitir Sögugrunnur en hvað er Sögugrunnur?** ... 21

**2.6 Leikskólinn Árborg leggur mikla áherslu á málörvun.** ... 22

2.7 Útivera og hreyfing í leikskólanum Árborg. ... 25

**3 Innra mat Grænaland** ... 27

**3.1 Innra mat Grænaland** ... 28

**4 Innra mat Bláaland** ... 30

**4.1 Innra mat Bláalands** ... 32

**5 Innra mat Rauðaland** ... 34

**5.1 Innra mat Rauðaland** ... 35

**6 Innra mat sérkennslu** ... 37

**6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024** ... 38

**6.2 Innra mat – fjöltyngd börn** ... 39

6.3 Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024 ... 40

**7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.** ... 42

**7.1 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.** ... 43

**7.2 Foreldrasamvinna** ... 44

**8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.** ... 46

**8.1 Leikskóladagatal 2023-2024.** .......... 47
**8.2 Fylgigögn** .......... 48
**10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs** .......... 48
**8.3 Umsögn foreldraráðs** .......... 49
**8.4 Um starfsáætlanir leikskóla** .......... 50
8.5 Mat á leikskólastarfi .......... 52

# Leiðarljós leikskólans:

Einkunnarorð leikskólans eru: ***Samvinna - leikgleði – nám***

Markmið með uppeldisstarfinu er að efla alhliða þroska barnsins þ.e. líkams- og hreyfi þroska, tilfinninga þroska, vitsmuna þroska, félags þroska, málþroska, sköpunarhæfni og siðgæðisvitund. Í starfi okkar viljum við leggja áherslu á að barnið sé í forgrunni, að því líði vel og að það fái að njóta sín, á sínum forsendum, fái að læra af eigin reynslu í umhverfi sem ýtir undir áhuga þeirra og athafnaþörf. Við fléttum málörvun inn í allt okkar starf og erum meðvituð um mikilvægi þess.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta skólaár var einstaklega lærdómsríkt en á sama tíma mikil áskorun fyrir mig sjálfa, starfshópinn, nemendur og foreldra. Sumarið 2022 kom upp grunur upp mögulega myglu og rakaskemmdir í leikskólanum okkar í Hlaðbæ 17. Það fór þá strax af stað mikið vinna við í kringum það. Samstarf við Skóla- og frístundasvið, sýnatökur, ótal fundir og fræðsla. Á þessum tíma myndaðist ákveðið óvissuástand og tókst okkar sterka starfshóp að standa þétt saman. Við mættum brosandi til vinnu og gerðum okkar besta. Við tókum hverjum degi með yfirvegun og höfðum hag nemenda og starfsmanna í fyrirrúmi. Aðlögun gekk vel og var afstaðin fyrir flutningana. Óvissa var um hvert við myndum flytja en að lokum fengum við aðstöðu í Selásskóla. Við ákváðum að líta á þetta sem tækifæri. Hópurinn þéttist enn frekar og á endanum munum við fá dásamlega fallegan skóla sem er öruggur og fallegur.

Fyrir áramót breyttust áherslur okkar og vorum við með mikinn metnað fyrir því að öðlast traust og öryggi nemenda, foreldra og starfsmanna í nýja leikskólanum okkar. Ég er svo stolt af okkur því að vel tókst til þó að fyrstu mánuðirnir hafi tekið á. Fyrir áramót héldum við meðal annars æðislegt opið hús og svo virkilega vel heppnað jólaball í samstarfi við foreldrafélagið okkar. Eftir áramót og þá sérstaklega í febrúar og mars þá var komin ró og öryggi í hópinn. Við höfðum þá komið okkur vel fyrir og var mikið og öflugt starf í gangi á hverjum degi. Við erum full tilhlökkunar fyrir komandi skólaári. Við erum með sterkan starfsmannahóp sem elskar sína vinnu. Starfsandinn er góður og framtíðin björt.

**Sigríður Valdimarsdóttir, leikskólastjóri.**

## 1.1 Námsferð leikskólans í Árborg til Finnlands vorið 2023.

Í aðdraganda ferðarinnar var stofnað til fjáröflunar og tóku allir kennarar þátt. Þetta skapaði mikla samstöðu og gleði í hópnum. Okkur tókst að safna nógu hárri upphæð til að allir í hópnum hefðu tök á því að fara með. Í ferðinni heimsóttum við leikskóla og hlustuðum á fyrirlestra um margvísleg áhugaverð málefni varðandi kennsluna er óhætt að segja að þar hafi bæst verulega í hugmyndabanka kennaranna. Fimm starfsmenn voru eftir heima og höfðu þeir sameiginleg verkefni að leysa á þeim tíma.  Þau töluðu um að tíminn hefði nýst þeim vel og þau kynnst vel. Námsferðin jók því samstöðu og félagsanda í hópnum auk þess að kveikja margar nýjar hugmyndir sem hafa auðgað og glatt kennara í skólastarfinu síðan.

Óhætt er að segja að mikil spenna hafi magnast upp dagana fyrir brottför. Við lögðum af stað í rútu frá leikskólanum snemma morguns þann 27.apríl 2023. Við lentum í Helsinki um miðjan dag og fórum beint á fyrirlestur þaulreynds kennara og skólastjóra. Talaði hann m.a. um hvernig bæta mætti menningu innan leikskóla og fækka árekstrum á milli barna. Lagði hann mikla áherslu á orðræðu kennara og það hvernig hún hefur áhrif á hegðun barnanna. Næstu tvo daga heimsóttum við tvo mjög ólíka skóla. Annan úti í sveit og hinn í borginni. Við fengum sérstaklega góðar móttökur og voru nemendur annars skólans mjög vel undirbúnir og búnir að skreyta skólann með teikningar af gjósandi hverum og ísbjörnum. Þau spurðu margra spurninga um Ísland og voru sérstaklega áhugasöm um land og þjóð. Þannig var heimsókn okkar nýtt sem kennsluefni vikurnar fyrir heimsóknina í finnska skólanum. Þetta sýnir hvað svona skólaheimsóknir eru mikilvægar bæði fyrir gestinn og gestgjafann. Annað kvöldið fórum við öll saman út að borða og áttum mikla gæðastund saman þar sem spjallað var um það sem við höfðum heyrt og séð og hvernig við getum nýtt það í okkar skóla. 30. maí var frjáls dagur var honum varið í skoðunarferðir um Helsinki.  Við flugum svo heim þann 1.maí.



Hópmynd fyrir utan annan skólann sem við heimsóttum



Við tókum þessa dásamlegu mynd af okkur í Múmínsokkum, táknrænt fyrir samstöðu og einnig Finnland.







Við heimsóttum tvo leikskóla og fengum virkilega hlýjar móttökur.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.

## 2.1 Innra mat

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir).** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).** |
|---|---|---|---|
| **Markviss málörvun** | Á deildarstjórafundum og á skipulagsdegi. | Stjórnendateymi skólans, deildarstjórar, verkefnastjóri fjölmenningar og sérkennslustjóri. | Verkefnastjóri fjölmenningar og málörvunnar mun styðja við málörvun deilda og taka hópa á hverjum degi. Haldið áfram með Lubba, hópastarf, Tákn með tali og fleira sem hefur borið mikinn árangur. |
| **Hlutverk kennara í frjálsum leik.** | Á deildarstjórafundum. | Stjórnendateymi leikskólans. | Deildarstjórar þurfa að efla og hvetja sitt fólk enn betur, bæði inni og úti. Margir eru mjög virkir en alltaf má gera betur. |
| **Þjálfun nýrra starfsmanna.** | Fundir og samtöl með deildarstjórum. | Stjórnendateymi skólans. | Verkaskipting innan stjórnendateymis orðin skýrari, gögn aðgengileg, nýnemakynning okkar notuð og ný myndbönd frá SFS nú nýtt. |
| **Lestur alla daga fyrir alla nemendur.** | Skipulagsdegi og á deildarstjórafundum. Einnig á deildarfundum. | Allir starfsmenn leikskólans. | Mikil ánægja hjá bæði nemendum og starfsmö0nnum, lestur eykur meðal annars orðaforða, ímyndunarafl. |

## 2.2 Ytra mat

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** |
|---|---|---|---|
| **Foreldrakönnun var**<br><br>**gefin út vorið.** | Eitt foreldri hvers barns fékk senda könnun frá SFS (Skóla- og frístundasvið Rvk.) þar sem þeir voru hvattir til að svara spurningum og meta starf leikskólans. | Hluti foreldra nemenda í leikskólanum. | Almenn ánægja var í garð leikskólans. Það bar á áhrifum aðstöðu og upplýsingaflæðis er varðar flutninga og allar þær breytingar sem síðasta skólaár einkenndist af. |

# Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun | | | | | | | |
| Upplýsingaflæði eflt enn frekar. | Tíðari og öflugri upplýsingaflæði. | Vikulegir fréttapóstar sendir á alla foreldra. | Deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmenningar og málörvunar, Elín Huld. | September 2023 | Í lok skólaárs, þetta er átal sem á við allt skólaárið. | Á deildarstjórafundum. | Að ná að senda alltaf vikulega fréttapósta. |
| Myndir af leik og starfi í Völu app. | Að allir foreldrar séu að fá myndir af starfi á deild síns barns. | Hver deild setur inn myndir á Völu 1x í viku. | Deildarstjórar. | September 2023 | Ágúst 2024 | Á deildarstjórafundum og skiulagsdögum. | Að hver deild setji inn myndir í hverri viku. |
| **Uppeldis- og menntastarf** | | | | | | | |
| Daglegur bókalestur, sögur, | Lestur eflir m.a. orðaforða, hlustun | Að virkja aftur þulur og vísur á | Deildarstjórar. | September 2023.. | Maí 2024. | Á deildarfundum hverrar deildar. | Að haldið sé utan um |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vísur og þulur. | og ímyndunarafl og erum við mjög dugleg að lesa. | öllum deildum. | | | | | skráningu svo að hægt sé að endurmeta |
| Að sungið sé með nemendum á hverjum degi. | Sungið í samverustund 2x á dag ásamt því að syngja á vikulegum Vinafundum á föstudögum. | Að syngja fjölbreytt lög með hreyfingum, táknum og dansi. | Deildarstjórar. | September 2023 | Maí 2024. | Á deildarfundum hverrar deildar. | Að haldið sé utanum skráningu svo að hægt sé að endurmeta |
| **Mannauður/ Leikskólabragur** | | | | | | | |
| **Hópefli** | Að hafa gaman saman utan vinnu. Við erum sterkur hópur. | Árlegri sumarbústaðarferð hausts haldið áfram. | Skemmtinefndin. | Ágúst 2023 | Október 2023 | Á skipulagsdegi á haustönn. | Að sem flestir starfsmenn fari með. |
| **Hópefli á skipulagsdegi.** | Að brjóta upp daginn. | Að taka inn hópefli. | Stjórnendateymið. | 1x á haustönn. | 1x á vorönn | Í lok dags á þeim skipulagsdegi. | Að við hlæjum saman og að allir |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | taki þátt. |
| | | | | | | | |

# 2.3 Lubbi finnur málbein.

Lubbi er fjárhundur sem hjálpar nemendum að læra íslensk málhljóð á skemmtilegan og lifandi hátt. Námsefni í málörvun sem áfram verður unnið með í leikskólanum okkar. Allir nemendur kynnast Lubba, Lubbalögunum og málhljóðunum. Málhljóð vikunnar verður fyrir allan skólann. Efnið er lagað að aldri og þroska hverju sinni, misjafnt á milli deilda. Bókin um Lubba er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Í 14 bókinni er sérhvert málhljóð kynnt með stuttri sögu, skemmtilegri vísu og lagi sem er á geisladiskum sem fylgja efninu. Hver deild á svo sinn Lubbabangsa sem er alltaf með nemendum í Lubbastundum.



Nemendur eru hrifnir af Lubba.

Á skipulagsdegi þann 18. mars 2022 kom Eyrún Ísold Gísladóttir, talmeinafræðingur og höfundur námsefnisins um Lubba, til okkar með námskeið. Námskeiðið var hálfur dagur og var hugsað til að gagnast öllum, bæði þeim sem þekkja Lubba vel og vilja upprifjun en einnig fyrir nýrri starfsmenn til að kynnast hugmyndafræðinni á bakvið Lubba og tileinka sér

kennsluna enn frekar. Flestir starfsmenn hafa sótt námskeið og fá allir nýir starfsmenn fræðslu um Lubba.

### 2.3.3 Lubbi fer í heimsókn. Nýtt Lubbaverkefni - tengjum frekar heimili og skóla.

Lubbi fer í heimsókn heim til nemenda er Nýtt og spennandi verkefni sem fer af stað í leikskólanum okkar nú í haust á öllum deildum. Markmið verkefnisins er að tengja enn frekara samstarf heimilis og skóla og einnig að efla frásagnarfærni og frásagnargleði nemenda. Einu sinni á önn mun hver nemandi fá að taka Lubba litla ásamt Lubbabókinni með sér heim á föstudegi og kemur svo með Lubba aftur til baka á mánudegi (sjá mynd hér að neðan).

Tveir litlir Lubbahvolpar verða á hverri deild og tvær skráningarbækur. Halldóra, starfsmaður á Rauðalandi, er svo flink og dugleg og prjónaði litlar lopapeysur á hvern hvolp þar sem Lubbi er íslenskur fjárhundur og lopapeysan því afar viðeigandi. Mikilvægt er að verkefnið verði foreldrum og nemendum ekki íþyngjandi heldur einfalt og skemmtilegt. Lubbi þarf ekki að fara í neinar stórfenglegar ferðir um helgar.

Þegar Lubbi og bókin fara heim með nemanda þá skrifa foreldrar með barni sínu nokkrar línur um hvað Lubbi gerði um helgina. Til dæmis fór í gönguferð eða fór í bíltúr; foreldrum er svo frjálst að prenta mynd og setja með eða senda okkur mynd frá Lubbahelginni og deildarstjóri prentar þær út. Í samverustund á mánudeginum fá svo börin að segja hinum frá því hvað þau gerðu með Lubba. Þetta er Lubbi sem mun fara í heimsókn.



Hér eru litlu Lubbarnir sem munu heimsækja nemendur í haust. Einn starfsmanna okkar prjónaði þessar fallegu íslensku lopapeysur á þá.

## 2.3.4 Lubbahljóð vikunnar - fyrir allan aldur, allar deildir. Ný nálgun sem ýtir enn frekar undir samvinnu á milli deilda.

Lubbahljóð vikunnar er kynnt fyrir börnunum á öllum deildum einu sinni í viku. Allar deildir kynna sama Lubbahljóðið í Lubbastundunum sem eru einu sinni í vikur. Yngsta deildin, Grænaland kynnir hljóð og bókstaf og hlustar á Lubbalögin. Einnig læra þau að þekkja sinn staf/ hljóð og táknið sem fylgir og merkja sinn stað í samverukrók með Lubbabeini.






Nemendur hafa mjög gaman að þessari vinnu og læra fljótt að þekkja tákn og hljóð allra barnanna á deildinni. Eldri börnin vinna með tákn og hljóð og læra að tengja þau við orð og nöfn. Við notum Lubbabox sem eru box með hlutum sem byrja á hljóðinu sem verið er að vinna með og vekur það mikinn áhuga nemenda að finna út hvert upphafshljóð viðkomandi hlutar er. Eldri börnin hlusta á Lubbasögur og söngva og kennarar tengja þetta námsefni við allt mögulegt sem kemur fram í sögunum. Þar erum við til dæmis að tala um landafræði og fleira skemmtilegt.










Svona lítur Lubbahljóð vikunnar út, hangir í forstofu leikskólans.

# 2.4 Tákn með tali (TMT)

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform sem ætlað er heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali.



Starfsfólk Árborgar fékk að sitja námskeið með Sigríði Grendal á skipulagsdegi þann 18. nóvember 2021. Margir starfsmenn þekktu og höfðu notað TMT, en námskeiðið var hagnýtt og skemmtilegt fyrir þá sem og annað starfsfólk sem ekki hafði notað TMT áður. Markmiðið er að halda áfram að vinna með TMT.




Hvert hljóð á sitt Lubbabox**.**

# 2.5 Eitt af okkar markmiðum er að setja af stað markvissa vinnu með námsefni er heitir Sögugrunnur en hvað er Sögugrunnur?

Höfundar efnisins eru þær Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. Við búum svo vel í okkar leikskóla að hafa kennara sem þekkja efnið vel og iða í skinninu yfir því að hefjast handa.

Frásagnir eru góð leið til að efla málþroska því það að segja sögu reynir á flesta þætti máls og málnotkunar. Námstækinu Sögugrunni er ætlað að styðja við sögugerð barna og auðvelda kennurum og uppalendum að vinna með og efla málþroska þeirra á markvissan hátt. Námstækið er hjálparhella við sögugerð en býður auk þess upp á marga möguleika til að vinna með tungumálið, skoða uppbyggingu þess og formgerð. Hægt er að kynna sér efnið enn frekar á netinu undir kennsluleiðbeiningar - Sögugrunnur.

.




Mynd af sögugrunninum okkar.

## 2.6 Leikskólinn Árborg leggur mikla áherslu á málörvun.

Ráðinn hefur verið til starfa leikskólakennari til að gegna hlutverki verkefnastjóra málörvunar og fjölmenningar. Einnig hefur hún umsjón með innleiðingu nýju farsældarlaganna undir umsjón leikskólastjóra. Lögin snúa að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Þeir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.

Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Í samvinnu við deildarstjóra er barnahópnum skipt í málörvunarhópa eftir þörfum og starfsmenn eru vel meðvitaðir um að stærstur hluti málörvunarinnar fer fram í daglegu starfi inni á deildunum. Leikskólinn ætlar að leggja enn frekari áherslu á marktæka málörvun og bjóða þeim börnum sem mest þurfa á að halda upp á aukalega skipulagða málörvunarstund. Einnig fá öll börnin Lubbastund minnst einu sinni í viku. Verkefnastjórinn fylgir þessum stundum eftir og aðstoðar kennara við að framkvæma þær, til dæmis með uppsetningu stundarinnar og kennsluefni. Allar deildir virkja nú Gefðu 10 og fylgir verkefnisstjórinn og deildarstjórar því eftir að það verði eðlilegur partur af skóladeginum. Lesið er fyrir alla nemendur daglega. Lestrarhópnum er skipt upp eftir getu og sögurnar sem lesnar eru samkvæmt því.

Gefðu 10 er fólgið í því að hver starfsmaður á deild passar upp á að tala í það minnsta í 10 mínútur við hvert barn á deildinni á dag. Það þarf ekki að vera í einni lotu en starfsmaðurinn þarf að taka tímann og skrá á blað þegar hann er búinn. Taka þarf fram við hvaða barn hann talaði hverju sinni og hversu lengi. Þannig er auðvelt að kortleggja hvort talað er jafnt við öll börnin. Söngstundir eru á hverjum degi og er þula mánaðarins á öllum deildum. Farið er með þuluna á vinafundi. Elstu börn fá sérstakar málörvunarstundir einu sinni í viku þar sem þau

fást við skemmtileg og krefjandi verkefni. Einu sinni í viku fá þau einnig útinámsstundir. Þar er til dæmis unnið með náttúrufræði og stærðfræði auk þess sem Lubbahjóðunum er blandað inn í. Einu sinni í viku eru skipulagðar göngustundir fyrir yngstu nemendur. Tvisvar á ári er sérstakt lestrarátak sem nefnist Bókaormurinn. Hann er í október og apríl og velja börnin þá bækur sem lesnar eru fyrir þau heima. Þau merkja hvaða bók var lesin á miða og líma upp á vegg og sjá hvernig Bókaormurinn lengist með hverjum degi. Þessi vinna eflir samstarf á milli foreldra og leikskóla á skemmtilegan hátt.

Mikilvægt er að kortleggja stöðu nemenda svo hægt sé að skipa þeim í réttan málörvunarhóp. Til þess notum við Hæfnirammanum, Efi-2 og AEPS.




Þetta er leiðbeiningaspjald Gefðu 10

# 2.7 Útivera og hreyfing í leikskólanum Árborg.

Leikskólinn Árborg leggur einnig mikla áherslu á hreyfingu og útiveru og mun halda því áfram. Reynt er að finna skemmtilegar og fjölbreyttar leiðir til að auka vellíðan nemenda með reglulegum gönguferðum í nærumhverfi skólans  eða á bókasafnið. Elstu börnin fara vikulega í útinám og svo má ekki gleyma því að nemendur fara að minnsta kosti einu sinni út á dag og dagurinn endar alltaf á útiveru áður en þau fara úr leikskólanum.

Allir nemendur fara 1x í viku í íþróttatíma. Leikskólinn hefur fengið aðgang að íþróttahúsi Selásskóla tvo daga í viku og fara hópar í aldurskiptum hollum í íþróttatíma með kennurum okkar sem hafa reynslu og áhuga á skipulagðri hreyfingu. Í íþróttahúsinu er fín aðstaða og fáum við afnot af fjölbreyttum efnivið er tengist frjálsri hreyfingu, Nemendum þykja íþróttatímarnir mjög eftirsóknarverðir og skemmtilegir.



Þetta er íþróttahús Seláaskóla. Staðsett á lóð skólans.



Hér er mynd af áhaldageymslu íþróttahússins og þar er um margt spennandi að velja.

# 3 Innra mat Grænaland

Starfsárið einkenndist í senn af festu og stöðugleika en einnig af óvæntum verkefnum og áskorunum. Haustönnin hófst á hefðbundnu nótunum. Aðlögun nýrra barna og foreldra gekk vel í ágúst og september. Flest börn voru fljót að ná áttum og finna sig í nýjum aðstæðum og mynda öryggistengsl við kennarana sína og umhverfi- á meðan önnur börn þurftu lengri tíma. Á Grænalandi voru tveir árgangar 2020 og 2021 og voru það samtals 14 börn. Málörvun var einn aðal umbótaþáttur vetrarstarfsins og gekk almennt vel að fylgja markmiðunum. Það var unnið með Lubbastundir og könnunarleik. Einnig var lögð mikil áhersla á samræður og lestur þar sem börnin hlustuðu á sögur. Við lögðum áherslu á nota TMT í okkar daglega starfi.

Í október kom í ljós að við þyrftum að flytja í nýtt húsnæð í byrjun nóvember vegna myglu. Þá tók tíma að skipuleggja og komast í okkar daglegu rútinu. Einnig þurfti að kaupa nýja hluti fyrir leikskólann og skipuleggja rýmið. Tvö börn komu aftur til okkar á Grænaland af Rauðalandi vegna plássleysis. Í desember héldum við upp á litlu jólin og foreldrar komu til okkar í heimsókn í fyrsta skipti eftir að við fluttum frá Árborg yfir í Selásskóla. Í janúar byrjuðum við á fullu með Lubbastund og lögðum mikla áherslu á að efla málörvun. Allir nemendurnir fengu að kynnast Lubba. Við byrjuðum aftur með Vinafundinn og fengu börnin okkar að hitta vini sína frá öðrum deildum einu sinni í viku. Í febrúar fengum við aðgang að íþróttahúsi Selásskóla sem við vorum við dugleg að nota það einu sinni í viku. Við nýttum okkur að leika á lóðinni hjá Rauðaborg nánast daglega.

Tvö foreldraviðtöl voru tekin á skólaárinu, eitt i desember og hitt í júní þar sem allt gekk mjög vel. Foreldrar voru ánægðir og gáfu hrós þeirra starfsmönnum mikið og einnig foreldrum.

## 3.1 Innra mat Grænaland

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br><br>MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til úrbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| **Lubbi finnur málbein** | Leggja áherslu að efla málörvun. | Kynnir Lubbahljóð vikunnarHlustað á löginn og skoðað lubbakassa með hlutum sem byrja á því hljóði.Klappa atkvæði. | Deildarstjóri og starfsmenn á deild. | Sept.2023. | Maí 2023 | Skráning í bók, myndataka, myndbönd. |
| **Nota Tákn með tali í daglegu starfi.** | Barnið lærir að nóta tákn til að tjá sig. | Leggja áherslu að nota TMT í daglegu starfi í matartíma, samverustund og í fataherbergi. | Deildarstjóri og starfsmenn á deild. | sept.2023 | Júni 2024 | Leggja inn áherslu á tákn á deildarfundum og meta eftir þörfum. |
| Gefðu 10 | Að starfsmenn beiti markvisst virkri hlustun í samskiptum við börnin. Til að efla orðaforða. | Hver starfsmaður á deild ræðir a.m.k. 10 mín á dag við barnið. | Allir starfsmenn og deildarstjóri. | Sep. 2023 | Maí 2023 | Skráningarblað á tíðni hvaða börn og starfólk gefa og fá "10". Umræða á deildarfundum. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lestrarstundir | Barnið lærir að njóta bóka og hlusta sögu. | Hvert barn fær sögustund daglega.Sama bókin lesin aftur og aftur. | Allir starfsmenn og deildarstjóri. | Sept.2023 | Maí 2024 | Umræða á deildarfundum. Myndataka. |
| Hreyfing | Leggja áherslu á að efla grófhreyfingu og líkamsstöðu barnana. | Fara einu sinni í viku í íþróttahús til að bæta styrk, samhæfingu og jafnvægi. | Allir starfsmenn á deild. | Sept. 2023 | Maí 2024 | Skráning á blað, myndataka, myndbönd. |

# 4 Innra mat Bláaland

Skipulagt starf fór vel af stað síðasta haust. Aðlögun nýrra barna gekk vel. Á Bláalandi voru 23 nemendur fæddir 2017 - 2018 - 2019 og einn 2020.

Samstarf á milli deilda var eins og áður. Árgangar á báðum deildum voru saman í skipulögðum stundum. Unnið var eftir starfsáætlunni í upphaf skólaárs. Í október ´22 fór að bera á óvenju miklum veikindum starfsfólks og í kjölfarið greinist mygla í Árborg og húsinu lokað í lok október. Í byrjun nóv fáum við inn í Selásskóla, rýmið sem við fengum var ekki tilbúið. Hérna voru iðnaðarmenn í margar vikur sem höfðu mikil áhrif á okkar skólastarf. Í upphafi komum við okkur fyrir í tveimur stofum en síðar fengum við þriðju stofuna, þar sem hafði fækkað í barnahópnum á Bláalandi vegna flutninga fékk sú deild inn í minni stofu. Í janúar varð breyting á deildinni vegna veikinda hjá starfsmönnum og starfsmenn hætta, hafði það áhrif á starfið. En starfið fór aftur á stað um áramót eftir bestu getu miðað við aðstæður.

**Unnið var með ýmis verkefni.**

Í Desember var jólaföndur, piparkökur málaðar og haldið jólaball og þar komu foreldrar. Við kvöddum jólin og þorrinn tók við þar var farið aðeins í gamla tímann, víkingakórónur gerðar og þorramatur smakkaður, það gekk bara ágætlega.  Haldið var upp á öskudag með öskudagsballi og börn komu í búningum.

Málörvun var alltaf inni og unnið með hana við öll tækifæri og fór mikið fram í spilum, spjalli í fataklefa og lestri bóka. Lesið var í samverustundum og alltaf hægt að grípa í bók. Við vorum með þulur mánaðarins, rím og einnig var sungið í samverustundum.
Sögugrunnur féll niður, en verður tekin upp aftur í haust. Lubbi fer í heimsókn féll niður en við notuðum Lubba hljóð af og til í samverustundum og byrjar aftur í haust..

Tákn með tali notað í söng og matartímum en ekki tókst að vinna með það eins og ætlað var en unnið verður með það af fullum krafti í haust.

Skólastund elstu barna á báðum deildum fór fram í nokkur skipti en það tókst ekki að vinna með það eins og áður þar sem okkar gögn fóru vegna myglu og manneklu, en verður áfram næsta haust.

Útivera var mikil farið var 2x á dag út. Farið var í margar gönguferðir með börnin og farnar í ýmsar ferðir með vorinu t.d. fjöruferð, Húsdýragarðinn, Rauðavatn
Útikennsla fór seint af stað það vantaði gögn sem fóru í myglu, en það tókst að fara nokkrar ferðir og verður haldið áfram í haust.

Elstu nemendur fóru í ferð bæði í Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið. Þau tóku líka þátt í Barnamenningarhátíð í tengslum við tónskóla Sigursveins og síðan sungið í hörpunni og foreldrum boðið á þá hátíðlegu athöfn. Næst elsti hópurinn fór ferðir á bókasafnið.
Við fengum einnig afnot af íþróttahúsinu í Selásskóla og nýttum við það vel í hverri viku.
Við héldum samstarfi við Árbæjarskóla og Töfrasel að nokkru óbreyttu.
Foreldrasamstarf var með örlítið öðru sniði boðið var upp á viðtöl í nóvember og desember og síðan aftur í júní 2023. Foreldrar tjáðu ánægju með skólann og líðan þeirra barna hér í nýja skólanum okkar.
.

# 4.1 Innra mat Bláalands

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **LUBBi finnur málbein** | Leggja áherslu að efla málörvun. | Kynnir Lubbahljóð vikunnar. Og vinna með það á fjölbreyttan hátt. Lubbi fer heim með heim 1.x á önn. Unnið með frásögn sem styrkir sjálfsmynd. Mynd tekin og sett í ferilmöppu. | Deildarstjóri og starfsmenn á deild. | sept.2023 | Jún. 2024 | Metið 1x á önn á deildarfundum. | Efla hljóðkerfisvitund og ritmál. Styrkja sjálfsöryggi og framkomu. Fleiri áskoranir þegar líður á verkefnið. |
| **Nota Tákn með tali í daglegu starfi** | Börnin læra að nota tákn til að ýta undir tal. Gagnast börnum með málörðuleika og þeim sem eru fjö0lyngd. | Virkja starfsfólk til að nota T.M.T með barnahópnum, s.s. í skipulögðum stundum. | Deildarstjóri og starfsmenn. | Sept 2023 | júní 2024 | Leggjum áherslu á einn flokk í einu t.d. fatnað, fjölskyldu, heimilið o.fl. | Styrkja mál tjáningu barnanna og styrkja starfsfólk sem fyrir-mynd. |
| **Sögugrunnur** | Námsefni reynir á alla þætti máls og mál notkunar. | Hugsað fyrir næst elstu börnin, Tekið fyrir í fámennum hópum. | Sá sér um stundina og deildarstjóri. | Jan 2024 | Jún í 2024 | Skráning eftir hverja stund. Aðrir starfsmenn upplýstir. | Að efla málþroska og frásagnarhæfni barnanna, |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Framburður. Orðaforði og setningagerð og eflir ímyndunarafl. og sköpunarhæfni. | | | | | | vekja áhuga á ritmáli og tengslum talmáls og ritmáls. |
| Gefðu 10 - verkefni um virka hlustun | Að starfsmenn séu meðvitað að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin. | Innleiða “Gefðu 10”á deildinni. Nota leiðbeiningabækling. | Allir starfsmenn og deildarstjórar leiða verkefnið. | sep 2023 | júní 2024 | Skráningarblað tíðni hvaða börn og starfsfólk fá og gefa “10” Umræða á deildarfundum. | Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir hæfni allra barna og virki þau til þátttöku í leik og starfi. |
| Málörvun Fjölmenning | Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál. | Markvissar málörvunar stundir með blandaða hópa fjöltyngdra barna af báðum eldri deildum. Einnig skipulagðar sögustundir. | Elín sér um stundirnar. | Sept 2023 | Júní 2024 | Matsblöð sem fylgja efninu þar sem tekin er staða hvers barn miðað við aldur og veru þess á landinu. | Gefa þeim tækifæri til að leika með tungumálið á virkan hátt og taka framförum bæði í skilningi og tjáningar færni. |

# 5 Innra mat Rauðaland

Skipulagt starf fór vel af stað síðasta haustið. Aðlögun nýrra barna gekk vel. Á Rauðalandi voru 22 börn fædd 2017 - 2018 - 2019 - og 2020. Starfsmenn deildarinnar höfðu reynslu og deildarstjóri var Elín Huld. Samstarf milli deilda var eins og áður. Árgangar á báðum deildum voru saman í skipulögðum stundum. Í október 2022 fór að bera á óvenju miklum veikindum starfsfólks og í kjölfarið greinist mygla í Árborg og húsinu lokað í lok október. Í byrjun nóv. fáum við inni í Selásskóla. Það tók nokkurn tíma að koma húsnæðinu í gott form fyrir okkur. Nokkrir starfsmenn voru enn í veikindaleyfi á þessum tíma. Gréta Ósk tekur við deildarstjórastöðu í byrjun feb. 2023. Nokkrar breytingar urðu líka í barnahópnum.
Við reyndum okkar besta að halda skipulögðu starfi gangandi þó sumt næðist ekki.

Málörvun fór strax á fullt í gegnum meðal annars spil, sögustundir, bókalestur, söng og í samverustundum. Við sungum saman, vorum að ríma og notuðum þulur. Við leggjum orð á allt. Sólskinsstundir voru ekki í sérstökum stundum heldur fóru fram í öðru starfi. Skipulagðar Lubbastundir féllu niður, vorum samt dugleg að vinna með hljóð og börnin kunna sitt Lubbatákn. Okkur tókst ekki að koma verkefninu Lubbi heimsækir börnin í gang og ekki heldur sögugrunni, fer af stað í haust. Við höfum notaða tákn með tali í ýmsum aðstæðum. Farið var bæði á sýningu í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Einnig heimsótti barnahópur bókasafnið.

Nemendur hafa haft aðgang að leikfimisal Selásskóla síðan um áramót og nýttum við okkur það vel. Við erum mjög mikið úti, útivera 2x á dag. Á vormánuðum höfum við farið í margar gönguferðir og aðrar skipulagðar heimsóknir á ýmsa staði. Við tókum þátt í barnamenningarhátíð og samstarfi við tónskóla Sigursveins í tengslum við það. Elstu börnin fóru í árlega útskriftarferð í Vatnaskóg. Við héldum samstarfi við Árbæjarskóla og Töfrasel nokkuð óbreyttu.

Farið var bæði í skólastundir og útinám með elstu börnin þó það hafi verið færri stundir en venjulega. Foreldraviðtöl voru með öðru sniði, boðið var upp á viðtöl í nóv. og des. Fyrir þá sem vildu. Aftur samskonar í júní.

## 5.1 Innra mat Rauðaland

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| LUBBASTUND | Leggja áherslu að efla málörvun. | Kynnir Lubbahljóð vikunnar. Og vinna með það á fjölbreyttan hátt. Lubbi fer heim með heim 1.x á önn.Unnið með frásögn sem styrkir sjálfsmynd. Mynd tekin og sett í ferilmöppu. | Deildarstjóri og starfsmenn á deild. | sept. 2023 | Júní .2024 | Metið 1x á önn á deildarfundum. | Efla hljóðkerfisvitund og ritmál. Styrkja sjálfsöryggi og framkomu. Fleiri áskoranir þegar líður á verkefnið. |
| Nota Tákn með tali í daglegu starfi | Barnið lærir að nota tákn til að tjá sig. | Leggja áherslu að nota TMT í daglegu starfi í matartíma, samverustund og í fataherbergi. | Deildarstjóri og starfsmenn. | September2023 | Jún 2024 | Leggjum áherslu á einn flokk í einu t.d. fatnað, fjölskyldu, heimilið o.fl. | Styrkja mál tjáningu barnanna og sjálfsmynd. |
| Sögugrunnur - námstæki til sögugerðar. | Námsefni reynir á alla þætti máls og mál notkunar. Frambur | Hugsað fyrir næst elstu börnin, Tekið fyrir í fámennum hópum. | Sá sér um stundina og deildarstjóri. | Jan 2024 | Júní 2024 | Skráning eftir hverja stund. Aðrir starfsmenn | Að efla málþroska og frásagnarhæfni barnanna, vekja áhuga á |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | ður. Orðaforða og setningagerð. Eflir ímyndunarafl og sköpunarhæfni. | | | | | upplýstir. | ritmáli og tengslum |
| Gefðu "10" Virk hlustun | Að starfsmenn séu meðvitað að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin. | Innleiða "Gefðu 10"á deildinni. Nota leiðbeiningabækling. | Allir starfsmenn og deildarstjórar leiða verkefnið. | | | Skráningarblað tíðni hvaða börn og starfsfólk fá og gefa "10" Umræða á deildarfundum. | Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir hæfni allra barna og virki þau til þátttöku í leik og starfi. |
| Málörvun Fjölmenning | Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál. | Markvissar málörvunarstundir með blandaða hópa fjöltyngdra barna af báðum eldri deildum. Einnig skipulagðar sögustundir. | Elín sér um stundirnar | Sept 2023 | Júní 2024 | Matsblöð sem fylgja efninu þar sem tekin er staða hvers barn miðað við aldur og veru þess á landinu. | Gefa þeim tækifæri til að leika með tungumálið á virkan hátt og taka framförum bæði í skilningi og tjáningarfærni. |
| | | | | | | | |

# 6 Innra mat sérkennslu

## Mat á sérkennslu 2022-2023

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2022-2023**<br><br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br><br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Sérkennslan í Árborg fór fram inni á deildum og í minni rýmum/stofum utan deilda. Unnið var ýmist í einstaklings vinnustundum eða í smærri hópum, eftir því sem hentaði nemendum best. Einnig fór kennslan fram á deildinni í leiknum, þar sem kennari kom inn í aðstæður og leiðbeindi barni/börnum þar. Við höfum það að markmiði að mæta börnunum þar sem þau eru stödd og vinna með þeim einstaklingsmiðað. Í einstaklingsvinnu var notast við skráningu Atferlisíhlutunar en í hópavinnu var skráð í sérstaka stílabók. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br><br>**Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.** | Við notuðum AEPS, Málþroskaprófið EFI-2 fyrir alla nemendur sem eru á því aldursbili hverju sinni, HLJÓM-2 og skráningu Atferlisíhlutunar. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br><br>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn? | Lubbi er mikið notaður í Árborg og höfum við útbúið litla kassa með hlutum sem hefjast á því Lubbahljóði sem unnið er með hverju sinni. Börnin geta skoðað hlutinn um leið og kennari ræðir um það hvað hann heitir og til hvers hann er. Allir gera svo saman Lubbatáknið hans og ræða saman um hann. Myndabankinn er mikið notaður hjá okkur til að leggja inn orð og ræða þau. Einnig notum við alls kyns spil til að þjálfa börnin í minni hópum. Bingó er mjög mikið notað en einnig önnur spil. |

## 6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| | Við erum að taka í notkun hæfnirammana til að kortleggja öll fjöltyngdu börnin.<br><br>Einnig verður bætt við málörvunarstundir í mismunandi stórum hópum. | Ráðinn hefur verið verkefnistjóri yfir fjölmenninguna og fjöltyngdu börnin. Hún mun haf það verkefni að fylgja eftir aukinni málörvun í barnahópnum okkar. Hún mun skipta hópnum í smærri hópa eftir aldri og getu og vinna með þeim í hópum. | Elín Huld Halldórsdóttir | 14. 8. 2023 | Endurskoðað í maí ´24. | Hæfnirammar, HLJÓM-2 og EFI-2 auk AEPS þar sem það á við. | Betra vald á öllum þáttum íslenskunnar. |

# 6.2 Innra mat – fjöltyngd börn

**Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023**

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Verkefnisstóri var ráðinn til að fylgja eftir málörvun fjöltyngdu barnanna. Einnig hafa námsgögn verið keypt til að vinna með. Má þar nefna Orðabankann og ýmis spil. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br><br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Allir á deildinni eru meðvitaðir um mikilvægi þess að setja orð á allt, alltaf. Mikið er spilað og unnið út frá Orðaforðalista MMS.<br><br>Þetta skólaár hefur Gefðu 10 legið niðri vegna aukaálags út af myglu sem varð til þess að við urðum að flytja. Í kjölfar flutninga var ákveðið að sinna færri verkefnum en gera það vel. Elín Verkefnastjóri mun taka upp þráðinn í haust. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br><br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna? | Kennarar eru mjög virkir í að leggja orð á allar athafnir og tala við börnin. Einnig er mikið spilað og talað um það sem er að gerast í spilinu. Þá eru les og samverustundir nýttar vel í þetta verkefni. Mikið er lesið með börnunum og talað um myndir og orð. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br><br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Í vetur höfum við notast við EFI-2, HLJÓM-2 og skráningu Atferlisáætlunar og AEPS í sérkennslu.<br><br>Í sérkennslu hafa verið gerðar einstaklingsnámskrár fyrir nokkur börn. Þær hafa þó verið mismikið notaðar. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Í samverustund og hvíld eru lesnar sögur. Þar eru orð tekið út og rædd og útskýrð. Við hlustum mikið á tónlist og lærum texta sem börnin syngja. Við spilum mikið við börnin og þurfa þau þar að hlusta og tjá sig. Í LUBBA stundum æfum við hljóðkerfisvitundina og tjáninguna ásamt hlustun. Við erum líka með Vinafundi einu sinni í viku þar sem mikið er sungið og spjallað. Þar koma afmælisbörnin upp og allir syngja afmælissöng. |

| | |
|---|---|
| | Einnig fá börnin tækifæri til að syngja í minni hópum fyrir hin börnin. |

# 6.3 Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| | Við sjáum tækifæri í að skipta meira í hópa eftir getu og aldri. Einnig ætlum við að bæta við málörvun t.d. Í verkefni sem heitir Sýna og segja frá. En þá taka börnin eitthvað með að heiman og segja yfir | Verkefnisstjórinn mun fylgja eftir málörvuninni sem lagt verður upp með í haust. Hún mun innleiða flæðilestu og hópaskipta málörvun og fylgja henni eftir. VIð munum efla: Flæðilestur, Sýna og segja frá, Skipta í | Elín Huld Halldórsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar og málörvunnar. | 15.9.´23 | Lýkur aldrei en verður endurmetið í maí ´24. | Með Hæfnirömmunum, HLJÓM-2, EFI-2, AEPS þar sem það á við. | Betra vald á öllum sviðum íslenskunnar. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | alla hvað það er og af hverju þau tóku það með. Það þjálfar allt í senn, tjáningu, orðaforða, málvitund og hlustun. Við munum hefja veturinn með skimun allra nemenda með HLHÓM-2 og Hæfniröm mum. | málörvunar hópa eftir aldri og getu, halda áfram með LUBBA stundir, Vinafund, o.fl.. | | | | | |

# 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.

Starfsmannasamtöl fara fram reglulega yfir allt skólaárið en skipulögð markviss örsamtöl um starfsþróun fara fram á skrifstofu leikskólastjóra tvisvar sinnum á ári í formi örsamtala. Starfsmenn fá nokkrar spurningar fyrir fram með áhersluatriðunum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Leikskólastjóri mun taka slík samtöl í október 2022 og verða síðan tekið slík samtöl aftur á bilinu febrúar-mars 2023.

Deildarstjórar meta þörf og efni hvers samtals eftir aðstæðum og í samvinnu við nýjan starfsmann. Reynst hefur vel að hafa fleiri styttri samtöl því að nýir starfsmenn eru að meðtaka mikið af upplýsingu fyrstu vikurnar. Nýtt starfsfólk fær einnig tækifæri, á vinnutíma, til að horfa á stutt fræðslumyndbönd um þætti eins og málörvun, kraft hróssins og kraft þess að knúsa, myndband um mikilvægi fyrstu áranna í lífi barna og fleira. Gefur þetta nýjum og jafnvel óreyndum starfsmönnum öryggi og færi á að öðlast fræðslu og skilning. Einnig hvetjum við nýja starfsmenn til að sækja ýmis námskeið.

## Einnig notum við til þjálfunar:

- Ný myndbönd SFS - Starfsmenn horfa á myndböndin og fá svo vikuleg samtöl með deildarstjóra þar sem færi gefst á að spyrja og spjalla
- Samtöl í lok fyrstu 2-4 vikna með starfsmanni og deildarstjóra.
- Fræðslutorgið Fríða er frábær síða með fjölbreyttri fræðslu fyrir starfsmenn. Þar nýtum við ýmislegt. Dæmi; Skyndihjálp, jóga með börnum, Widget Online, framkoma og starfsánægja og margt fleira.
- Deildarstjóri fer yfir nýliðakynningu leikskólans og hefur nýr starfsmaður alltaf færi á að spyrja spurninga. Við skiptum kynningunni í 2-3 búta til að ekki sé farið yfir of margt í einu.

- Nýr starfsmaður fær einn starfsmann sem aðal þjálfara fyrstu vikuna, deildarstjóri sér svo um þjálfun og eftirfylgni með henni.

# 7.1 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Nemendur í elsta árganginum fóru í heimsókn í Árbæjarskóla og í frístundamiðstöðina Töfrasel. Þessar heimsóknir hjálpa nemendum að fá frekari tilfinningu fyrir grunnskólanum og frístundastarfinu. Virkilega gott samstarf hefur verið á milli skólanna í hverfinu og ætlum við að halda því áfram.

Ekki voru allir nemendur skráðir í Árbæjarskóla en samt var tekið á móti öllum 12 útskriftarnemendum okkar með opnum örmum. Erna Bryndís forstöðukona Töfrasels sat skilafund, sem fór fram í júní, ásamt deildarstjórum Bláalands og Rauðalands og með sérkennslustjóra.

Á komandi skólaári munum við viðhalda góðu samstarfi. Venjan er t.d. að elsti árgangurinn heimsæki bókasafn Árbæjarskóla fyrir áramót og gekk það frábærlega síðasta vetur. Einnig hefur tíðkast að nemendur sem voru hjá okkur í leikskólanum og eru nú nemendur í 1. bekk í Árbæjarskóla heimsæki okkur fyrir áramót. Í nóvember á degi íslenskrar tungu fór svo elsti árgangur heimsótti Árbæjarskóla. Í desember ár hvert er samstarf varðandi jólastund í Árbæjarskóla. Okkar nemendur taka þátt í jólasamveru með 1.bekk. Í febrúar stefnum við svo á heimsókn í skólastund í Árbæjarskóla, 4-5 nemendur í einu og dvelja þar einn morgun. Í mars er svo stefnan sett á að halda þeirri hefð áfram að elstu nemendur okkar fari í smiðjur í Árbæjarskóla, þátttaka í dansi, íþróttum og textíl. Í maí verður Vorskólinn, þar sem útskriftarnemendum er boðið ásamt foreldrum sínum í heimsókn í Árbæjarskóla. Virkilega

gott samstarf hefur verið á milli skólanna í hverfinu og ætlum við að halda því áfram eftir allra bestu getu.

## 7.2 Foreldrasamvinna



Nemendur í Útskriftarferð í Vatnaskógi 2022

Haldnir voru foreldrafélagsfundir reglulega yfir skólaárið þar sem foreldrar hittust til að ræða leikskólastarfið, gefa hugmyndir, fara yfir stöðuna og ræða hvað er hægt að gera.  Sér lokuð Facebook síða er fyrir foreldrafélagið þar sem fundir eru tilkynntir og fleira.

**Á síðasta skólaári var eftirfarandi gert:**

**Opið hús va**r haldið fljótlega eftir að við fluttum í Selásskóla. Mæting var góð enda mikill áhugi á nýja húsnæðinu.

**Jólaball var haldið** í sal Selásskóla í samvinnu við foreldrafélagið.  Sveinki kom í heimsókn og færði börnunum góðgæti  úr pokanum sínum og var dansað og sungið í kringum jólatréð.

**Sumarhátíð**: Ákveðið var að hafa sumarhátíðina í garðinum okkar í Hlaðbæ. Foreldrafélagið bauð upp á Latabæjarskemmtun og skemmtu allir sér vel. Leikskólinn bauð upp á grillaðar pylsur, snúða, safa og kaffi. Þátttaka foreldra var mjög góð og var hátíðin einstaklega vel heppnuð.

**Foreldraviðtöl** voru tvisvar sinnum yfir veturinn. Annað á haustönn og hitt á vorönn.  Mæting var góð.

# 8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

**Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024  Leikskólinn Árborg**

Skipulagsdagar eru 6 talsins í leikskólum sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Lokað á skipulagsdögum. Þrír þeirra eru sameiginlegir með öðrum grunn- og leikskólum í hverfinu, hinir þrír ekki.

| | |
|---|---|
| 18. september 2023 | mánudagur |
| 24. nóvember 2023 | föstudagur *Sameiginlegur í hverfinu* |
| 2. janúar 2024 | þriðjudagur |
| 6. febrúar 2024 | fimmtudagur |
| 2. maí 2024 | fimmtudagur *Sameiginlegur í hverfinu* |
| 17. maí 2024 | föstudagur *Sameiginlegur í hverfinu* |



# 8.2 Fylgigögn

## 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans ........................................

_______________________________________________

Leikskólastjóri Dagsetning

**Fylgiskjal 3**

## Starfsáætlun 2023 – 2024

## Leikskólinn Árborg

# 8.3 Umsögn foreldraráðs

Við höfum lesið yfir starfsáætlun Árborgar fyrir skólaárið 2023-2024. Við samþykkjum þessa starfsáætlun fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Árborgar.

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Olga María Long Þórhallsdóttir

Fanney Sumarliðadóttir

## 8.4 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og

  þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.

- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

## 8.5 Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

LÁTUM

**DRAUMANA**

RÆTAST